

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um lyf gegn blindu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er skýringin á því að nýtt lyf gegn blindu (Lucentis) sem talið er að geti bjargað sjón er ekki leyft hér á landi? Má vænta þess að leyfi til notkunar lyfsins fáiist á næstunni?
2. Hve margir hér á landi eru verulega sjónskertir vegna hrörnnunar í augnbotnum annars vegar og með slíka hrörnnun á byrjunarstigi hins vegar og um hve mörg ný tilvik er að ræða að meðaltali á hverju ári?
3. Hve mikill má ætla að árlegur kostnaður yrði vegna lyfsins yrði það leyft hér á landi og hvað má ætla að lyfið gæti bjargað sjón margra miðað við þá reynslu sem þegar er fyrir hendi af notkun lyfsins erlendis?
4. Hefur verið veitt leyfi fyrir þessu nýja lyfi annars staðar á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.